



Lúxemborg, 9. júlí 2014

## FRÉTTATILKYNNING 08/2014

**Dómur í sameinuðum málum E-3/13 og E-20/13 *Fred. Olsen o.fl. og Petter Olsen o.fl. gegn norska ríkinu, aðalskrifstofa skattamála stórra fyrirtækja og skrifstofa skattamála í fyrirsvári***

### **SKATTAREGLUR LANDSRÉTTAR UM ERLEND FYRIRTÆKI SEM STÝRT ER AF INNLENDUM AÐILUM GETA AÐEINS TEKID TIL SÝNDARGERNINGA**

#### ***Fjárvörslusjóðir geta byggt á grundvallarréttindum EES-samningsins***

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn spurningum sem áfrýjunarnefnd aðalskrifstofu skattamála stórra fyrirtækja („áfrýjunarnefnd skattamála“) og héraðsdómur Ósló báru fyrir dóminn um túlkun á reglunum um stofnsetningarrétt og frjálsa fjármagnsflutninga vegna mála sem þar eru til meðferðar. Spurningarnar voru bornar fram í tengslum við norska löggjöf um þvingaða samsköttun („CFC-löggjöf“) en slík löggjöf heimilar skattlagningu fjármagns sem fært er til lands þar sem skattar eru lágir.

Málin sem um ræðir tengjast bæði skattlagningu norskra aðila sem njóta góðs af greiðslum úr fjárvörslusjóðinum Ptarmigan. Sjóðurinn var settur á fót í Liechtenstein í því skyni að halda utan um hagsmuni Olsen fjölskyldunnar í tilteknum fyrirtækjum og lýtur hann lögum þess ríkis. Hafa þarlend skattayfirvöld skráð fjárvörslusjóðinn sem eignastýringarsjóð en sem slíkur nýtur hann skattaundanþágu með því skilyrði að hann taki ekki þátt í viðskiptum á markaði í Liechtenstein. Frá því CFC-löggjöfin tók gildi hafa norsk skattayfirvöld talið að meðlimum fjárvörslusjóðsins sé skylt að greiða skatt í Noregi af þeirra hlut í hagnaði fjárvörslusjóðsins.

Dómstóllinn taldi að fjárvörslusjóður á borð við Ptarmigan félli undir 31. gr. EES-samningsins um stofnsetningarrétt að því gefnu að hann stundaði ótímabundna, raunverulega og ósvikna efnahagsstarfsemi innan EES frá fastri starfsstöð.

Dómstóllinn benti á að það færi eftir atvikum máls hvort stofnsetningarrétturinn eða rétturinn til frjálsra fjármagnsflutninga ætti við. Það væri landsdómstólsins að leggja mat á það atriði með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem lýst væri af hálfu dómstólsins. Taldi dómstóllinn jafnframt að sá sem nyti góðs af fjármunum sem komið væri fyrir í fjárvörslusjóði gæti borið fyrir sig 40. gr. EES-samningsins, jafnvel þótt ljóst væri að viðkomandi hefði hvorki haft afgerandi áhrif á rekstur fyrirtækis í öðru EES-ríki né tekið þátt í efnahagslegri starfsemi sem félli undir gildissvið stofnsetningarréttarins.

Dómstóllinn taldi að sú skattalega mismunun sem leiddi af norsku CFC-löggjöfinni fæli í sér takmörkun á stofnsetningarrétti samkvæmt 31. og 34. gr. EES-samningsins. Sú mismunun lýsti sér í því að skattgreiðendur með búsetu í Noregi sem löggjöfin tæki til yrðu fyrir skattalegu óhagræði sem aftraði þeim frá því að nýta sér stofnsetningarréttinn. Ef sama óhagræði hindraði þá sem nytu góðs af fjárvörslusjóðum í því að fjárfesta í öðru EES-ríki, án þess að ætlun þeirra væri að hafa áhrif á rekstur eða stjórnun fyrirtækis, eða í því að flytja fjármagn í einkaþágu, þá hefði slíkt í för með sér takmörkun á réttinum til frjálsra fjármagnsflutninga í skilningi 40. gr. EES-samningsins og XII. viðauka við samninginn.

Enn fremur var það álit dómstólsins að regla að landsrétti sem veitti þátttakendum í erlendu fyrirtæki í öðru EES-ríki undir stjórn innlendra aðila ekki tækifæri til að losna undan tvísköttun CFC-löggjafarinnar, en gæfi þátttakendum í sambærilegum innlendum lögaðilum kost á slíku, fæli jafnframt í sér takmörkun á réttinum til að öðlast staðfestu samkvæmt 31. og 34. gr. EES-samningsins eða, eftir atvikum, takmörkun á réttinum til að flytja fjármagn samkvæmt 40. gr. EES-samningsins. Slíkar takmarkanir væru að meginstefnu til óheimilar samkvæmt EES-samningnum.

Dómstóllinn taldi mögulegt að réttlæta slíkar takmarkanir þegar þær tækju aðeins til sýndargerninga sem miðuðu að því að komast hjá greiðslu skatts í ríki þar sem það væri skylt undir venjulegum kringumstæðum, svo framarlega sem takmörkunin gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri til að ná því markmiði. Það sem úrslitum réði í því sambandi væri að almennt séð væri enga skynsamlega skýringu að finna á gerningi aðra en þá að tryggja einhverjum skattalegt hagræði. Takmarkanir af þessu tagi væru því ekki heimilar þegar sýnt þætti á grundvelli málefnalegra þátta sem þriðju aðilar gætu staðreynt, að erlent fyrirtæki sem stýrt væri af innlendum aðilum, hefði í reynd staðfestu í EES-gistiríkinu og stundaði þar raunverulega efnahagsstarfsemi sem áhrif hefði innan EES, hvað sem skattalegum ávinningi fyrirtækisins af veru þess í ríkinu liði.

Dómstóllinn lagði einnig mat á þann greinarmun sem var á skattlagningu stefnendanna sem nutu góðs af Ptarmigan fjárvörslusjóðinum og þeirra sem nutu góðs af fjölskyldusjóðum og eignasjóðum sem heyrðu ekki undir norskan auðlegðarskatt. Dómstóllinn taldi að það væri landsdómstólsins að meta hvort aðstæður þessara tveggja hópa væru almennt séð sambærilegar en tók fram að fjölskyldusjóðir og eignasjóðir virtust komast næst fjölskyldufjárvörslusjóðum í norskum rétti. Ef aðstæður teldust sambærilegar þá fæli mismunurinn í skattlagningu í sér takmörkun í skilningi 31. gr. eða, eftir atvikum, 40. gr. EES-samningsins, en slíkar takmarkanir væri ekki unnt að réttlæta samkvæmt samningnum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.